

Samstarfssamningur

Ísafjarðarbær og Pálmar Kristmundsson arkitekt gera með sér eftirfarandi samstarfssamning um verkefnið *Sólsetrið á Þingeyri*.

I. Inntak verkefnisins

Verkefnið miðar að eftirfarandi:

- Að starfa sama að byggingu Sólsetursins á Þingeyri.
- Að efla Ísafjarðarbæ sem verðugan áfangastað fyrir ferðamenn sem og fagaðila innan skapandi greina.
- Að bæta og efla aðgengi að náttúru Vestfjarða.
- Að hvetja almenning og ferðamenn til að heimsækja og virða Vestfirði sem áfangastað til heimsókna, vinnu og búsetu.

II. Framlög

Framlag Ísafjarðarbæjar:

- Endurskoðun og breytingar á aðalskipulagi ef þarf.
- Vinnuframlag á samningstímanum.
- Bygginga-, framkvæmda-, og rekstrarleyfi fyrir verkefninu.
- Leyfisgjöld sem snúa að Ísafjarðarbæ.
- Aðstoðar við fjármögnun verkefnisins s.s. með umsóknum um styrki.
- Vinna að kynningu og framgangi verkefnisins.

Framlag Pálmars Kristmundssonar:

- Vinnuframlag á samningstímanum.
- Leggur til hugmynd, hönnun og úrvinnslu arkitektagagna.
- Leiðir vinnu faghóps samhönnuða og sækir um tilskilin leyfi.
- Tekur þátt í verkefnisstjórnun og umsjón með verkefninu.
- Aðstoðar við fjármögnun verkefnisins.
- Vinnur að kynningu og framgangi verkefnisins.

III. Stýrihópur

Stýrihópurinn er stefnumarkandi um verkefnið, samþykkir áætlanir um framkvæmd þess, sinnir eftirliti með framvindu verkefnisins, greiðir fyrir tengslum við samstarfsaðila og ber ábyrgð á faglegu mati á niðurstöðum þess. Stýrihópurinn skipa Daníel Jakobsson formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar og Pálmar Kristinsson arkitekt.

IV. Önnur atriði

Í upphafi hvers ársfjórðungs skal stýrihópur leggja fyrir samstarfsaðila skýrslu um framgang verkefnisins og áætlun um verkefni næsta árs.

Samstarfsaðilar hafa saman, eða hver um sig, rétt til að nýta niðurstöður verkefnisins í öðru eða áframhaldandi starfi að uppbyggingu á svæðinu.

Ísafjarðarbær mun annast fjárreiður og bókhald í tengslum við verkefnið.

Byggingin fullbyggð verður eign Ísafjarðarbæjar og opin almenningi.

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og gildir hann til loka verks.

Ísafirði, október 2020

Birgir Gunnarsson bæjarstjóri

Pálmar Kristmundsson arkitekt